

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 1. desember 2022

Mál nr. S-16/2022:

Héraðssaksóknari

(Halldór Rósmundur Guðjónsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember sl., höfðaði lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra með ákæru, dagsettri 27. janúar sl. og þingfestri 25. maí sl., á hendur „X, kt. [...], [...], Akureyri

fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa miðvikudaginn 2. júní 2021, utandyra við [...] á Akureyri, hrækt á lögreglumann A og klipið lögreglumann B í hægri upphandlegg með þeim afleiðingum að hann hlaut mat, en lögreglumennirnir voru báðir við skyldustörf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Afstaða og kröfur ákærða

- Ákærði neitar sök og krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst ákærði að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verjanda hans.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- Samkvæmt lögregluskýrslu var sjúkralið og lögregla kvödd að [...], Akureyri, vegna ákærða sem fallið hafði af rafhlaupahjól og slasast. Ákærði hafi afþakkað alla aðstoð og viljað fara heim. Þar sem áfengislykt hafi verið af honum hafi grunur vaknað um að hann hafi verið undir áhrifum og því hafi lögreglumenn óskað eftir öndunarsýni, en ákærði neitað því. Er ákærða hafi verið kynnt að hann yrði handtekinn ef hann léti ekki sýni í té hafi hann orðið mjög æstur og öskrað á lögreglumenn, sem hafi þá handtekið hann. Ákærði öskrað ítrekað að lögreglumaður nr. A væri „helvítis drusla“ og hrækt á hana, en hrákinn hafi lent framan á öryggisvesti hennar. Hann hafi reynt að hrækja á ný, en ekki hitt. Þá hafi hann einnig reynt að hrækja á lögreglumann nr. B, en ekki hitt. Lögreglan hafi þá reynt að færa hann í jörðina og handjárna, en ekki tekist. Í átökunum hafi ákærði klipið lögreglumann nr. B í hægri upphandlegg þannig að mar og bólgur hlutust af. Þá hafi hann togað í hár lögreglumanns nr. A. Lögreglumennirnir hafa kallað eftir liðsauka,

sem komið hafi strax á vettvang og ákærði verið handjárnaður og fluttur á lögreglustöð, þar sem hann hafi loks samþykkt að veita öndunarsýni.

- 4 Á meðal gagna málsins er myndskaið úr búkmyndavél lögreglumanns nr. A, sem spilað var við aðalmeðferð, en myndskaiðið sýnir atburðarásina á vettvangi eftir að lögreglu bar að, m.a. átök ákærða við lögreglu.

Skýrslur fyrir dómi

- 5 Skýrslur fyrir dómi gáfu, auk ákærða, lögreglumenn nr. A, B og D.
- 6 *Ákærði* kvaðst hafa fallið af hlaupahjóli er ekið hafi verið í veg fyrir hann við [...] á Akureyri. Hann hafi fengið skurð á höfði og orðið alblóðugur í andliti. Hann hafi verið drukkinn og æstur við lögreglu á vettvangi. Þá hafi hann verið vankaður eftir höggið og ekki munað neitt sem hafi gerst næstu tvo daga á eftir. Honum hafi verið „troðið í lögreglubíl“ en viti ekki hvers vegna. Ákærði kannaðist hvorki við að hafa hrækt á lögreglumann né klipið í handlegg lögreglumanns. Hann hafi bara viljað komast heim. Ákærði kvaðst ekki muna orðaskipti við lögregluna, en hann sé nú í langtíma fíknimeðferð. Kvaðst ákærði hafa greitt sekt vegna aksturs hlaupahjólans undir áhrifum.
- 7 *Lögreglumaður nr. A* kvað ákærða ekki hafa viljað neina aðstoð lækni á vettvangi eftir að hafa fallið á hlaupahjóli. Lögreglumenn hafi fundið áfengislykt af ákærða og óskað eftir öndunarsýni vegna gruns um ölvunarakstur. Tengdamóður ákærða hafi þá borið að og við það hafi hann orðið mjög æstur. Það hafi endað með því að lögregla hafi tekið hann tökum, en ákærði hafi streist á móti og m.a. hrækt framan á vesti vitnisins, hrópað fúkyrði og kreist upphandlegg lögreglumanns nr. B eftir að hann náði að losa vinstra höndina úr tökum lögreglu. Kvaðst vitnið hafa séð þetta eigin augum. Ákærði hafi einnig rifið í hár vitnisins. Kvaðst vitnið hafa bæði séð og heyrt þegar ákærði hrækti beint í áttina að henni. Hún hafi hins vegar ekki séð sjálf hvar hrákinn lenti. Annar lögreglubíll hafi komið á vettvang og þau fengið liðsinni til að yfirbuga ákærða. Á lögreglustöðinni hafi varðstjóri spurt ákærða út í hrákann og hann beðist afsökunar hafi hann gert það, en hann hafi ekki beint tjáð sig um atvikið. Vitnið staðfesti aðkomuskýrsla sína í málinu og að hafa séð áverka á upphandlegg lögreglumanns nr. B sem ljósmynd liggur fyrir af í málinu.
- 8 *Lögreglumaður nr. B* kvað lögreglumennina hafa þekkt ákærða strax vegna fyrri afskipta. Hann hafi verið mikið blóðugur og vankaður eftir höggið við fallið af hlaupahjólínu. Grunur hafi vaknað um ölvun, en ákærði neitað að veita öndunarsýni. Eftir að hafa fengið mörg tækifæri til samstarfs hafi ákærði verið handtekinn. Hann hafi orðið mjög æstur er tengdamóður hans hafi borið að og hrækt á lögreglumann nr. A og einnig reynt að hrækja á vitnið. Þá hafi hann náð að losa sig úr tökum lögreglu og klipið vitnið í hægri upphandlegg. Þau hafi fengið liðsinni fleiri lögreglumanna og ákærða verið gefið tækifæri á ný til samstarfs, en hann neitað og þá verið færður á lögreglustöð. Kvaðst vitnið hafa séð hrákann lenda á vesti eða í hári lögreglumanns nr. A, en hárið hafi verið slegið og fallið niður á vestið. Kvaðst vitnið hafa horft á ákærða hrækja og séð hrákann lenda framan á lögreglumanninum. Vitnið staðfesti handtökuskýrslu sína í málinu og að ljósmynd af áverkum á upphandlegg sé af vitninu. Kvaðst vitnið hafa verið aumt í

handleggnum í nokkra daga. Aðspurður um hrákann kvað vitnið þau ekki hafa skoðað vesti lögreglumanns nr. A fyrr en þau komu á lögreglustöðina, en áður hafi ummerki um hrákann þurrkast af í átökum við ákærða. Ákærði hafi beðist afsökunar á hrákanum, en ekki munað eftir að hafa hrækt.

- 9 *Lögreglumaður nr. D* kvaðst hafa verið varðstjóri á vakt í umrætt sinn. Hann hafi tekið skýrslu af ákærða og ljósmyndað upphandlegg lögreglumanns nr. B. Ákærði hafi verið orðinn viðræðugóður, en ekkert tjáð sig um málið.

Niðurstaða

- 10 Ákærða er gefið að sök valdstjórnarbrot eins og í ákæru greinir, en hann hefur ekki kannast við háttsemina. Bæði í framburði ákærða fyrir dómi og fyrir lögreglu kom fram að hann mundi lítið og óljóst eftir atvikinu, en mundi þó að hafa verið drukkinn og æstur við lögreglu á vettvangi. Er því lítið á framburði ákærða byggjandi.
- 11 Upptaka úr bókmyndavél lögreglumanns nr. A sýnir ákærða ærast þegar tengdamóður hans ber að streitast á móti lögreglu öskrandi að þeim fúkyrði. Á upptökunni sést greinilega þegar ákærði losar vinstri hönd sína og grípur utan um hægri upphandlegg lögreglumanns nr. B og kreistir. Þá má greina hrákahljóð á upptökunni. Með afdráttarlausum og trúverðugum framburði lögreglumanna nr. B og A, sem fær stoð í framangreindri upptöku, sem og ljósmynd af áverka lögreglumannsins, þykir gegn neitun ákærða komin fram lögfull sönnun um að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi er í ákæru greinir og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt því.
- 12 Verður ákærði samkvæmt framansögðu sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greind er í ákæru og er þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Viðurlög og sakarkostnaður

- 13 Ákærði er fæddur árið [...] og á hann sakaferil að baki, en frá árinu 2011 hefur hann hlotið níu refsídóma. Þann 10. janúar 2018 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga, akstur undir áhrifum fíkniefna, sviptur ökurétti og vörslur fíkniefna. Þann 1. ágúst 2018 hlaut hann tíu mánaða fangelsi fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna, sviptur ökurétti og vörslur fíkniefna. Þann 1. apríl 2019 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 146. gr. og 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Þann 21. febrúar 2020, var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi, fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna, sviptur ökurétti. Þann 12. mars 2020 fékk hann reynslulausn á 397 daga eftirstöðvum refsingar fjögurra framangreindra dóma. Þann 25. nóvember 2021 var ákærði dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir ræktun og vörslur fíkniefna, en með dómnum, sem staðfestur var í Landsrétti 25. nóvember sl., voru teknar upp og dæmdar eftirstöðvar fyrrgreindrar reynslulausnar. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir voru framin fyrir uppsögu dómsins 25. nóvember 2021. Ber því að dæma ákærða hegningarauka er samsvari þeirri þyngingu hegningarinnar, sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um brotin í sama máli, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hefur framangreindur dómur fyrir valdstjórnarbrot frá 1. apríl 2019

ítrekunaráhrif hér, sbr. 3. mgr. 106. gr. hgl., en ákærði er nú sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni, sem varðar allt að 8 ára fangelsi samkvæmt 1. mgr. 106. gr. hgl., en samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins má hækka refsingu allt að helmingi hafi maður áður sætt refsingu samkvæmt ákvæðinu. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að brot ákærða beindist að öryggi lögreglumanna við skyldustörf, sbr. 1. tl. 1. mgr. 70. gr. hgl. Ákærði á sér engar málsbætur. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 90 daga.

- 14 Eftir málsúrslitum verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmans, sem ákveðin eru með virðisaukaskatti í dómsorði. Það athugist að auk endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna flugmiða fram og til baka frá Reykjavík til Akureyrar, krefst verjandi kostnaðar vegna bílaleigubíls frá Akureyri til Reykjavíkur með þeim rökum að flugi hafi verið seinkað um nokkrar klukkustundir, en verjandinn hafi ekki viljað taka áhættuna af því að geta orðið veðurtepptur og því afráðið að aka til Reykjavíkur, þar sem hann hafi átt að mæta í Landsrétt daginn eftir. Ákærði getur ekki borið ábyrgð á ferðarástöfunum verjandans eða skyldum hans í öðrum málum og verður því ekki tekið tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun ferðakostnaðar. Við mat á ferðatíma er litið til flugtíma, auk biðtíma á flugvelli ásamt akstri til og frá flugvelli.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Halldór Rósmundur Guðjónsson aðstoðarsaksóknari.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 90 daga.

Ákærði X greiði allan sakarkostnað málsins, þ.e. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmans, 390.600 krónur og 54.240 króna ferðakostnað hans.